



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 2025
Tilvísun: 2025020150

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna síðari athugasemda kæranda í máli nr. 24/2025, móttækin dags. 16. apríl 2025.

Kærð er ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um að synja SKOR um aukinn opnunartíma dags. 10. janúar 2025 auk þess sem krafist er ógildingar á hljóðskýrslu Heilbrigðiseftirlitsins.

Afstaða Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Málavextir

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (hér eftir HER) vísar á bug þeim fullyrðingum kæranda um að eftirlitshljóðskýrslan frá september 2023 sé eina gagnið sem það byggir ákvarðanir sínar á. Umrædd eftirlitshljóðskýrsla sýnir hluta af rannsókn málsins en er aðeins lítil hluti af þeim gögnum sem liggja til grundvallar í málinu. Við eftirlit HER hefur ónæði ítrekað verið staðfest á staðnum Ónæði hefur ítrekað verið staðfest í eftirliti HER inni í íbúðarhúsnæði við Kolagötu 1 og eins hefur í eftirlitsskýrslum verið lýst ófullnægjandi hljóðvist staðarins, úrbótum á hljóðvist á staðnum og því sem er ábótavant í úrbótum. Rekstur Skor í umræddu húsnæði hófst á árinu 2022 og hefur þeim tilmælum ítrekað verið beint að kærendum að bæta úr hljóðvist staðarins. Þrátt fyrir að fyrsta úrbótaáætlun kæranda hafi þegar legið fyrir í júní 2022 hefur kærandi ekki fylgt eigin áætlunum að fullu, s.s. að taka niður hátalara í karíókírými. Hins vegar liggur fyrir í áður framlögðum gögnum að þrátt fyrir að einhverjar úrbætur hafi átt sér stað með það að markmiði að bæta hljóðvist Skor þá sé það mat HER að kærandi hafi engu að síður ekki brugðist nægilega við athugasemdum HER né hafi þær aðgerðir sem gripið hefur verið til borið fullnægjandi árangur.

Hljóðskýrsla

HER ítrekar fyrri ábendingar varðandi kröfur kæranda um að hljóðmælingar HER verði ekki teknar til greina við úrlausn málsins og að framkvæmd verði ný hljóðmæling Samkvæmt 1. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er það hlutverk nefndarinnar að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvörðana og í ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnatriða á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á því sviði. Tekur úrskurðarnefndin því lögmatið kærðrar ákvörðunar til endurskoðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða leggur fyrir stjórnvöld að framkvæma tilteknar athafnir. Samkvæmt framangreindu fer HER fram á að úrskurðarnefndin vísi frá kröfu kæranda um ógildingu á mælingum á hávaða og kröfu um nýjar mælingar enda ekki um kæránlega stjórnvaldsákvörðun að ræða. Fallist nefndin ekki á þá kröfu HER er farið fram á að kröfu kæranda sé hafnað á grundvelli þeirra röksemda sem fram komu í umsögn HER vegna málsins dags. 13. mars 2025 auk eftirfarandi röksemda.

Framkvæmd hljóðmælinga



Hafa ber í huga að HER hefur það hlutverk samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir að veita starfsleyfi fyrir starfsleyfisskylda starfsemi, sbr. viðauka IV við þau lög, og setja starfseminni ramma með starfsleyfisskilyrðum. Með það til hliðsjónar andmælir HER því að umræddar hljóðmælingar eftirlitsins séu ómarktækar eða rangar. Starfsmenn HER eru sérfræðingar á sínu sviði, hafa réttindi til að starfa sem heilbrigðisfulltrúar og sinna öllum málum af heilindum. Heilbrigðisfulltrúar sem framkvæmdu hljóðmælingar hafa fengið kennslu og þjálfun í þeim, eru vanir slíkum mælingum og hafa sinnt þeim verkefnum í töluverðan tíma. HER er óháður eftirlitsaðili með skilgreint hlutverk í lögum og reglugerðum sem hefur engra hagsmuna að gæta við veitingu starfsleyfis annarra en að vinna í samræmi við lög og reglur.

Að því er varðar umsögn DSP Ísland um hljóðeftirlitsskýrslu HER þá virðist vera sem skýrsluhöfund hafi vantað hluta af fylgiskjöllum skýrslunnar þar sem skýrslan hefur ekki verið skoðuð með fylgiskjali en ýmsum af athugasemdum skýrsluhöfundar er svarað þar. Með hliðsjón af því vill HER t.a.m. áréttta eftirfarandi atriði.

Eins og skýrsluhöfundur bendir réttilega á er heimild til að bæta við 5 dB ofan á mæld gildi en það var hvergi gert við framsett gögn. Réttilega er bent á að ef bæta eigi þeim við ofan á mæld gildi þarf að taka það sérstaklega fram og þarf einnig að geta hver mæld gildi eru.

Í öllum hljóðmælingum HER er stuðst við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar og eru notaðar þær aðferðir sem eiga við hverju sinni. Vissulega er hægt að vísa enn nánar í það innan leiðbeininganna hvað á við en hingað til hefur ekki verið talin þörf á því.

Þar sem ákveðin ónákvæmni er í mælitækjum þá er notast við ákveðnar leiðréttingar. Notast er við 0,8 dB vegna mæliskekkju og 3 dB vegna nálægðar við endurkastandi fleti. Þetta verklag er byggt á leiðbeiningum UST. Kærandi nýtur góðs af þessum leiðréttingum þar sem 3,8 dB eru dregin frá mældum gildum. Þessir útreikningar og leiðréttingar koma allar fram í excel fylgiskjöllum sem fylgja hljóðmælistýrslum.

Niðurstöður hljóðmælinga

Líkt og fram kom í umsögn HER eru hljóðmælingar HER ekki yfir gagnrýni hafnar en þær eru aðeins hluti af þeim gögnum sem notuð eru til grundvallar ákvörðunar um opnunartíma SKOR. Engu að síður andmælir HER þeirri túlkun kæranda einungis geti verið um heilsuspillandi hávaða að ræða þegar hávaði mælist 85 dB(A) LAeq.

Skv. töflu III í viðauka við reglugerð nr. 724/2008 um hávaða skal hljóðstig frá atvinnurekstri ekki fara yfir 30 dB(A) innandyrá í íbúðarhúsnæði á verslunar-, þjónustu- og miðsvæðum. Ljóst er að mæligögn sýna að þegar starfsemi staðarins er í gangi fer hljóðstig í íbúð að lágmarki 3-5 dB(A) yfir þau mörk, jafnvel meira. HER vill einnig benda á að skv. töflu 4 í íslenskum hljóðvistarstaðli eru gefin upp viðmiðunarmörk fyrir



Reykjavík



Íbúðarhúsnæði og tekið fram að nýbyggingar skuli að lágmarki uppfylla viðmiðunarmörk í flokki C, en þau eru 25 db(A) vegna tæknibúnaðar frá atvinnu- og þjónustustarfsemi í sömu byggingu. Í ljósi niðurstaðna er ljóst að hávaði frá hljómflytningsbúnaði er yfir þeim mörkum.

Við mat á heilsuspillandi hávaða skal ekki meta áhrif hávaða og ónæðis eingöngu út frá mældum gildum. Samkvæmt 7. grein reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða skal einnig horfa til þátta eins og tónhæð, hvort hávaði sé stöðugur eða breytilegur, dagleg lengd hans, tímabil sólarhrings sem hann varir og heildartímabil sem ætla má að hann vari (dagar/vikur/ár). Hér er um að ræða hávaða sem veldur ónæði í íbúðarhúsnæði í hverri viku, á tímum sólarhrings þar sem ætla má að fólk sé í ró í sínu húsnæði eða sé gengið til hvílu og varir um ófyrirséðan tíma, allt eftir hve lengi staður verður í rekstri. Langvarandi áhrif ónæðis af völdum hávaða hefur heilsufarsáhrif í för með sér s.s. streitu, svefnleysi og þreytu sem aftur getur leitt til langvarandi sálfélagslegra áhrifa og jafnvel áhrif á hjarta- og æðasjúkdóma. Ef litið er til þessara þátta, í viðbót við mæld gildi sem fara yfir heimil mörk, er það mat HER að aðstæður í íbúð séu heilsuspillandi enda verði álag vegna ónæðis umtalsvert.

Niðurstaða

Í ljósi framangreinds hefur ekkert komið fram sem rökstyður ógildingu hinnar kærðu ákvörðunar né eftirlitshljóðskýrslu sem liggur fyrir í málinu og ítrekar Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þá kröfu sína að úrskurðarnefndin hafni kröfum kærenda í málinu.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,

Anna Jóhannesdóttir
Heilbrigðisfulltrúi



Reykjavík